

FRÁVEITUR OG DÆLUSTÖÐVAR



ÞJÓNUSTA VERKÍS

Verkís býður upp á fjölbreytta þjónustu sem varðar fráveitukerfi og hreinsistöðvar, bæði hönnun nýrra kerfa, og greiningar og athuganir á eldri kerfum. Verkís hefur á að skipa hönnuðum með mikla reynslu af hönnun dælu- og hreinsistöðva fyrir fráveitu, rennismælingum í fráveitukerfum, skýrslugerð, auk sýnatöku í skólphreinsistöðvum.

FRÁVEITUKERFI, HREINSISTÖÐVAR, DÆLUSTÖÐVAR OG ÚTRÁSIR

Með auknum áherslum á umhverfismál hin síðustu ár hafa kröfur um hreinsun á frárennsli aukist. Til að uppfylla reglugerðir þurfa hreinsistöðvar að vera háþróaðar tæknilega svo fullnægjandi hreinsun náist og að mengun í viðtaka sé innan þeirra marka sem sett eru.

HÖNNUN OG GREINING Á FRÁVEITUKERFUM

Mikilvægt er að afkastageta fráveitukerfa sé nægjanleg til að draga úr hættu á að flæði upp úr brunnum samfara mikilli úrkomu, en það getur valdið skaða í kjöllum og öðrum svæðum sem liggja lágt. Með þetta í huga nýtir Verkís sér hugbúnaðinn Mike Urban, sem hannaður er af Dönsku straumfræðistofnuninni (DHI). Hugbúnaðurinn nýtist við hönnun nýrra fráveitukerfa og við greiningar á eldri kerfum, og birtir niðurstöður bæði í línuritum og töflum.

RENNSLIS- OG MAGNMÆLINGAR

Niðurstöður ýmis konar mælinga eru lagðar til grundvallar mati á afköstum fráveitukerfa, virkni ýmissa úrbóta og lagfæringa. Þar á meðal eru rennslis- og magnmælingar. Um er að ræða mælingu augnabliksgilda sem og síritandi mælingar, tímabundið eða reglulega á rekstrartíma. Til úrvinnslu á mæligögnum er notaður hugbúnaður sem sýnir niðurstöður bæði í töflum og línuritum. Myndræn birting á niðurstöðum sýnir rennslissveiflur í kerfunum til lengri tíma, bæði magn og flutningsgetu.

SÝNATÖKUR ÚR FRÁRENNSLI

Ýmis lífræn og ólífræn efni eru fyrir hendi í frárennsli og er nauðsynlegt að fylgjast með magni þeirra og gera viðeigandi ráðstafanir sé það umfram leyfileg mörk. Í samstarfi við rannsóknarstofurnar Sýni ehf og ProMat ehf. er boðið upp á þjónustu við sýnatöku úr fráveitu í hreinsistöðvum, rotþróum og viðtökum frá t.d. fyrirtækjum í matvælaíðnaði og öðrum iðnaði. Notaður er fullkominn sýnatökubúnaður frá Endress+Hauser og fyllsta öryggis gætt við meðhöndlun á sýnum og hægt er að láta sýnatöku ná yfir tiltekið tímabil t.d. sólarhring eða vinnsludag.

SKÝRSLUGERÐ OG TÚLKUN SÉRFRÆÐIÁLITA

Skýr framsetning og raunhæf túlkun á niðurstöðum tímabundinna og reglulegra mælinga og sýnataka úr fráveitukerfum leggur grunninn að úrbótum, hvort sem um er að ræða nýhönnun eða endurnýjun á kerfum í rekstri.

HÖNNUN

- Fráveitukerfi
- Dælustöðvar
- Hreinsistöðvar
- Útrásir

GREININGAR OG MÆLINGAR

- Rennismælingar
- Magnmælingar í fráveitukerfum
- Mat á innlekt vatns inn í kerfin
- Mat á flutningsgetu lagna

SÝNATÖKUR

- COD mælingar
- Olía og fita
- Köfnunarefni og fosfór
- Ólífræn snefilefni

SKÝRSLUGERÐ OG TÚLKUN SÉRFRÆÐIÁLITA

- Túlkun á mæli-niðurstöðum
- Reglubundin upplýsingagjöf

